



457.fundur Þingvallanefndar  
10.maí 2019  
Skrifstofa Þingvallanefndar  
Austurstræti 12. kl 11.30

Mættir voru Ari Trausti Guðmundsson formaður, Vilhjálmur Árnason varaformaður, Karl Gauti Hjaltason, Líneik Anna Sævarsdóttir, Páll Magnússon, Guðmundur Andri Thorsson og Hanna Katrín Friðriksson. Einnig sátu fundinn Einar Á. E. Sæmundsen og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Gestir: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, Gunnar Grímsson, Torfi Stefán Jónsson og Lilja Jónasdóttir lögfræðingur.

Formaður setti fund.

Dagskrá fundar:

1. Fornleifaskráning í Þjóðgarðinum á Þingvöllum.

Fornleifaskráning kynnt. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum fékk 1,3 milljóna styrk árið 2019 í fornleifaskráningu úr fornminjasjóði 2019. Fornleifaskráningarverkefnið hófst 2010 og hefur verið unnið með hléum í verkefninu fram að þeim tíma. Skráningin nær yfir allan Þjóðgarðinn og einnig hafa nokkur svæði undir vatnsyfirborði verið skoðuð. Skráð hafa verið skráð milli 7-800 örnefni í Þjóðgarðinum en sú vinna kemur einnig inn í fornleifaskráninguna. Mikið af nýjum rústum hafa fundist í Þjóðgarðinum við skráninguna. Meðal þess sem gert verður í ár er að nota nákvæmar drónamyndatökur og hitamyndavélar til að meta og finna fornleifar í Þinghelginni. Í hópnum sem stendur að skráningunni eru Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur, Gunnar Grímsson fornleifafræðinemi og umsjónarmaður flygilda og drónamyndatöku og Torfi Stefán Jónsson sagnfræðingur og verkefnisstjóri hjá Þjóðgarðinum ásamt Þjóðgarðsverði. Að auki hefur Kevin Martin neðansjávarfornleifafræðingur komið að skráningu neðanvatns.

Stefnt er að því að áfangaskýrsla komi út í haust ásamt því að kynna fyrstu niðurstöður á málþingi í gestastofu á Haki 5. október.

Formaður og nefndarmenn lýstu ánægju sinni með vinnuna.

2. Ferð Þingvallanefndar til Þingvalla.

Umræða um dagskrá ferðar og tilhögun.

3. Sumarbústaðamál

Umræðu frestað.

4. Atvinnustefna

Umræðu frestað.

Önnur mál.

Nefndarmenn og lögfræðingur ræddu úrskurð kærunefndar jafnréttismála varðandi ráðningu þjóðgarðsvarðar við þjóðgarðinn á Þingvöllum. Ákveðið að hafa annan fund til að ræða málið enn frekar. Þjóðgarðsvörður vék af fundi.